

Bæjarskrifstofur Garðabæjar	
Mótt.dags:	27.03.2018
Málalýkill	
Mál nr.	1803414

HAGKAUP

Holtagarðar 104 Reykjavík Ísland/Íceland
Tel/Sími. +354 563 5000 Fax. +354 563 5091 www.hagkaup.is

Bæjarstjóri Gunnar Einarsson
Bæjarskrifstofur Garðabæjar
Garðatorgi

Reykjavík 23.03.2018

Efni: Vilji til rekstrar vínbúðar í verslunarrými Hagkaups Litlatúni

Hr. Bæjarstjóri


Íbúar í Garðabæ hafa undanfarin ár sótt verslunarkjarnann Litlatún heim og er okkar upplifun sú að það vöruúrval sem í boði er virðist gleðja íbúa að undanskildu því að við höfum fengið ítrekaðar kvartanir að ekki sé vínbúð í kjarnanum. Með þessu bréfi vill Hagkaup því vekja athygli bæjastjóra á því að við höfum áhuga á að koma til móts við raddir íbúa með því að opna vínbúð í hluta húsnæðis Hagkaups. Það er okkar trú að þetta sé eðlileg þróun í nútímalegu bæjarfélagi.

Víða um land eru mímörg dæmi þess að áfengi sé selt innan veggja verslana, bæði í afmörkuðu rými sem og í sjálfsafgreiðslu. Því finnst okkur það eðlileg þróun að fá leyfi til að starfrækja slíka sambærilega verslun innan veggja verslunar okkar í Litlatúni. Það er von okkar og trú að Garðabær sé reiðubúinn að taka höndum saman með Hagkaup og leggja fram þá bón til fjármálaráðherra. Sambærilegar rekstrareiningar má sjá í meðfylgjandi skjölum. Bón okkar er byggð á jafnræðisreglu við aðrar verslanir á landinu.


Við vonumst eftir tækifæri til að fá að fara betur yfir hugmyndir Hagkaups með þér og hlökkum til frekari samstarfs.

Með vinsemd og virðingu

Gunnar Ingi Sigurðsson
Framkvæmdastjóri Hagkaups



Skemmtilegast að versla



Ásýnd

